



Ytra mat

Leikskólinn Ugluklettur

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar –
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2021
ISBN 978-9979-0-2651-8

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Leikskólinn	9
Húsnæði og útileiksvæði	9
Starfsmenn.	9
Hugmyndafræði og áherslur	10
Stjórnun	12
Stjórnskipulag og skipurit.	12
Námskrá og áætlanir	12
Stjórnun og starfsmenn	13
Fagleg forysta	13
Starfsandi og starfsánægja	14
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	15
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	16
Námssvið.	16
Velferð og líðan barna.	17
Mat á námi og velferð barna	18
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	20
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	20
Viðhorf foreldra	20
Samstarf við grunnskóla	20
Annað samstarf	21
Skóli án aðgreiningar	22
Skólaþjónusta og sérkennsla	22
Börn með annað móðurmál en íslensku	22
Innra mat	24
Skipulag og viðfangsefni	24
Gagnaöflun og vinnubrögð	24
Opinber birting og umbætur	24
Samantekt matsþátta.	26
Samantekt.	27
Lokaorð	30
Heimildir.	31

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og fræðslunefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Ugluklettur er staðsettur í útjaðri Borgarness umkringdur ósnortinni náttúru, klettum, fjörum og villtum gróðri sem ásamt ögrandi útileiksvæði býður upp á mikla möguleika til leikja og náms. Húsnæði leikskólans er vel skipulagt og hver krókur nýttur en gera þarf úrbætur á vinnuaðstöðu starfsmanna svo og tækjakosti til undirbúnings starfsins. Þá vantar aðstöðu til að geyma útifatnað starfsmanna og sameiginlegur fataklefi er of lítill fyrir fjölda barna sem í húsinu er. Í Uglukletti fer fram metnaðarfullt og faglegt starf. Stefna leikskólans er skýrt sett fram í skólanámskrá, markvisst er unnið eftir henni og hún sýnileg í starfinu. Mikill samhljómur og ánægja er hjá starfsfólki og foreldrum um stefnu leikskólans. Einkunnarorð leikskólans leikur, virðing, gleði eru öllum kunn og speglast þau í starfinu. Matur er unninn frá grunni í eldhúsi leikskólans og tekið er mið af ábendingum landlæknis-embættisins um hollustu fæðis.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa stýrt leikskólanum frá 2012. Verkaskiptingu telja þeir skýra og er hún til skrifleg en hefur ekki verið kynnt öðru starfsfólki. Stjórnendur eru sýnilegir í starfi, þeir veita endurgjöf, gott er að leita til þeirra, og aðgengi að þeim er gott. Skólabragur og starfsandi er góður. Aðstoðarleikskólastjóri er jafnframt í 20% starfi sem leiðsagnarkennari og sér hann um leiðbeiningu út frá móttökuáætlun nýrra starfsmanna og starfsmannahandbók. Í rýnivíðtölum kom í ljós að undirbúningstímar fagmanna falla aldrei niður og deildarstjórar skipuleggja að leiðbeinendur fái klukkustund á viku í undirbúning. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri mynda stjórnunarteymi sem situr deildarstjórafundum annan hvern föstudag og lausnarteymisfundum á móti. Starfsmenn geta sent inn beiðni um upptöku mála á þessum fundum. Huga þarf að endurskoðun á skólanámskrá og gera starfsáætlun aðgengilega á heimasíðu leikskólans. Þá þarf að vinna símenntunaráætlun sem endurspeglar stefnu og þarfir leikskólans og nær til allra starfsmanna. Lýðræðisleg vinnubrögð, virðing, hvatning og traust einkenna samskipti og samstarf í leikskólanum og allir fá að hafa rödd. Starfsmannahópurinn er samheldinn með mikinn metnað. Starfsfólki líður vel í vinnunni, er stolt af starfi sínu og talar vel um leikskólann út á við. Starfsmannahópurinn er duglegur að efla góðan starfsanda og brydda upp á einhverju skritnu og skemmtilegu.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Í leikskólanum er opið dagskipulag sem einkennist af flæði og hópastarfi. Í flæði mega börnin á tveimur elstu deildunum velja sér svæði og viðfangsefni. Hópastarf er daglega eftir hádegismat. Gerðar hafa verið námsáætlanir fyrir hvern aldur sem unnið er með í hópastarfi. Í námsáætlunum er meðal annars lögð áhersla á hvernig unnið er að námssviðum aðalnámskrár. Lýðræðisleg þátttaka barnanna birtist í að börnin hafa frjálst val um verkefni. Í lok dags koma elstu börnin með hugmyndir að verkefnum til að leika með á svæðum næsta dag og kjósa um þau. Verkefnin sem flest atkvæði fá eru síðan í boði. Í málrækt er meðal annars unnið með verkefnið *Lubbi finnur málbein*. Unnið er með vináttuverkefnið *Blæ* og var það mjög sýnilegt á vettvangi. Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af virðingu og umhyggju fyrir einstaklingnum og komið er fram við þau eins og jafningja. Við mat á námi og framförum barna eru notuð viðurkennd matstæki. Huga má að aðgengi barna á yngri deildum að leikefni og gera mætti ritmál sýnilegra í umhverfinu.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Í tengslum við ytra mat gerði MMS foreldrakönnun í leikskólanum í október 2020. Nánast allir foreldrar sem svöruðu eru ánægðir með leikskólann, þeir þekkja stefnu hans og finnst viðfangsefni

barnanna áhugaverð. Meirihluti foreldra telur að börnunum líði vel í leikskólanum og þeir eru öruggir með börnin sín þar og finnst þau samlagast barnahópnum. Komið er til móts við þarfir barnanna og lögð áhersla á að efla sjálfstraust þeirra. Einnig kom fram að foreldrar eru almennt ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks. Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi og styður við leikskólastarfið. Til er áætlun um samstarf við grunnskóla Borgarness og leikskólann Klettaborg um aðlögun barna milli skólastiga. Formlegt ferli er til staðar um það hvernig upplýsingar um börnin fara á milli skólastiga og þurfa foreldrar að kvitta undir það.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann og heldur hann vel utan um vinnuna með sérkennslubörn. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir sérkennslubörn og teymi skipuð í kringum þau. Lögð er áhersla á að stuðningur fari fram í daglegu starfi og leik og að enginn sérstakur starfmaður á deildinni sinni því heldur að allir séu ábyrgir. Allt starfsfólk leikskólans er upplýst um þroskafrávik barna og vel er staðið að fræðslu til starfsmanna. Leikskólinn er vel búinn þjálfunargögnum en ekki er gert ráð fyrir nema einu herbergi til sérkennslu. Til eru skráðir verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik. Ef þurfa þykir er hægt að vísa máli beint til talmeinafræðinga sem eru verktakar hjá Borgarbyggð en beiðni um aðkomu sálfræðings fer í gegnum skólaskrifstofu Borgarbyggðar. Reglulega er fundað með málstjóra. Til er móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku og er þar stuðst við sömu verkferla og í aðlögun nýrra barna. Boðið er upp á tálkaþjónustu á fundum og í samskiptum við foreldra af erlendum uppruna.

Innra mat

Innra mat Uglukletts er kerfisbundið og samofið daglegu leikskólastarfi. Framkvæmd matsins er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa í leikskólanum og reglulega er leitað eftir sjónarmiðum barna og starfsfólks um það sem betur má fara í leikskólastarfinu. Foreldrakannanir Skólapúlsins eru nýttar í innra mat. Skipa þarf matsteymi fyrir leikskólann með aðkomu helstu hagsmunaaðila svo sem starfsfólks og foreldra. Gera þarf matsáætlun til nokkura ára þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifæri til úrbóta og birta opinberlega. Gera þarf umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til úrbóta, þar sem fram koma aðgerðir, viðmið með markmiðum, tímasetningu og ábyrgðaraðilum og birta á heimasíðu.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Uglukletti Borgarnesi. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Það var framkvæmt af Guðrúnu Samúelsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 7.–9. desember 2020. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðiþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra í september á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu þrjú daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, leikskólakennara, starfsmenn og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra og haft var samband við sviðstjóra fjölskyldusviðs Borgarbyggðar. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Vegna sóttvarnarreglna í tengslum við Covid-19 var ekki hægt að hafa rýnihóp foreldra. Menntamálastofnun gerði foreldrakönnun í tengslum við ytra mat leikskólans með því að senda spurningalista til foreldra í október 2020. Sextíu og eitt foreldri svaraði eða um 94% foreldra.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Ugluklettur er þriggja deilda leikskóli sem staðsettur er í útjaðri Borgarness við Ugluklett 1. Umhverfis leikskólann er ósnortin náttúra, klettur, fjörur og villtur gróður. Leikskólinn tók til starfa í ágúst 2007. Deildirnar bera nöfn örnefna í nágrenninu Skessuhorn, Baula og Grábrók. Í leikskólanum eru rými fyrir 65 börn á aldrinum eins árs til fimm ára.

Í desember 2020 dvelja 66 börn í Uglukletti, 37 stúlkur og 29 drengir. Á Skessuhorni eru 13 börn eins árs til tveggja ára, á Baulu eru 22 börn tveggja til þriggja ára og á Grábrók eru 29 börn fjögurra til fimm ára. Þrjú börn eru með skilgreinda sérkennslu og sjö börn eru með annað móðurmál en íslensku. Í Uglukletti er boðið upp á hollar og næringaríkar máltíðir sem unnar eru frá grunni í eldhúsi leikskólans. Tekið er mið af tillögum Landlækniseimbættisins um mataræði og lögð áherla á að kaupa hráefni í heimahéraði s.s. kjöt beint af býli. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:45–16:30.

Húsnæði og útileiksvæði

Húsið er lengja og liggur gangur eftir miðju þess. Inngangur, sameiginlegur fataklefi og salerni til notkunar í útiveru eru í öðrum endanum og sameiginlegur listakrúkur í hinum. Deildirnar þrjár liggja samhliða öðrum megin við ganginn og er inngangur frá gangi. Hver deild hefur eitt borð á ganginum fyrir barnahóp til að m.a. matast við. Þá er mikið um lokaða geymsluskápa á ganginum. Hinum megin við ganginn er eldhús, geymsla, þvottahús, matvælageymsla, salur, skrifstofa, sérkennsluherbergi, kaffistofa, bókasafn og tvö salerni fyrir starfsfólk. Hver deild samanstendur af tveimur leikstofum og hreinlætisaðstöðu. Leikstofurnar eru ekki stórar en sameiginleg rými eru vel nýtt svo og hver krúkur í húsinu. Þá nýta eldri börnin skátahúsið sem stendur í Skallagrímgarði. Góð hljóðvist er í húsinu eftir endurbætur sem voru gerðar sumarið 2020. Húsnæðið uppfyllir að miklu leyti kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Þó er vinnuaðstaða starfsmanna óviðunandi. Ekki er aðstaða í húsinu fyrir undirbúningsvinnu starfsmanna og hefur því kaffistofa starfsmanna verið tekin undir þá vinnu sem og nýtt sem fundaraðstaða. Starfsmenn taka ekki kaffitíma, en stytta vinnutíma sinn sem því nemur. Þá er ekki aðstaða til að geyma vinnufatnað (kuldagalla, regnfatnað og skó) og er það geymt á salerni sem nýta skal í útiveru. Vinnuaðstaða aðstoðarleikskólastjóra er í einu horni á skrifstofu leikskólustjóra og ófullnægjandi aðstaða er til foreldrasamstarfs. Í öllum rýnihópum kom fram að brýnt sé að bæta vinnuaðstöðu starfsmanna og geymslu á útifatnaði. Einnig væri æskilegt að fataklefi sé við hverja deild, en fataklefi er of lítill fyrir þann fjölda barna sem er í leikskólanum. Erfitt er að stýra hita í húsinu og er mikill gólfkuldi. Þá þarf að finna leið til að festa ruslatunnur. Í foreldrakönnun var nefnt að of mörg börn væru í húsinu og oft mikill hávaði.⁴

Útileiksvæði liggur umhverfis leikskólann á alla vegu. Búið er að girða af leiksvæði fyrir yngstu börnin og eru þar leiktæki við þeirra hæfi. Stærsti hluti leiksvæðisins liggur í brekku niður af húsinu. Þar er mikið og náttúrulegt landslag, brekkur, klettur, hólur og trjágróður. Fjölbreytni er í leiktækjum og er þeim dreift um lóðina. Þrjár gerðir af rólum, vegasölt, klifurtæki, rennibrautir, körfuboltaspjald og úti-eldhús, þrjár sandkassar og klifurkaðall yfir hól. Þá hafa börnin smíðað kofa með aðstoð starfsmanna. Útisvæðið er ögrandi en vegna legu og landslags þarf það mikla yfirsýn starfsmanna. Leiksvæðið býður upp á mikla möguleika til leikja og náms. Í rýnihópi bentu deildarstjórar og leikskólakennarar á að of fáar rólur væru á útileiksvæði og að sinna mætti viðhaldi á lóð betur t.d. eru stórir kantsteinar á útisvæði sem börnin hnjóta um og skapa slysaættu. Einnig var nefnt að fallmölin haldist ekki á sínum stað því væri æskilegra að hafa gúmmímottur.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 25 starfsmenn í rúmlega 21 stöðugildi. 23 konur og tveir karlmenn. Þrjár stjórnendur mynda stjórnendateymi þ.e. leikskólustjóri, aðstoðarleikskólustjóri og sérkennslustjóri, allir með leikskólakennaramenntun. Þar fyrir utan eru sjö leikskólakennarar og þar af þrjár í deildarstjóra-stöðum. Utan þess eru tveir leikskólakennarar í launalausum leyfi og einn leikskólakennari í veikindaleyfi.

4 Foreldrakönnun vegna ytra mats í leikskólanum Uglukletti.

Starfsmenn með aðra háskólamenntun eru þrír, sálfræðingur, uppeldis- og menntunarfræðingur og einn með BA í ferðamálafræði. Fjórir leikskólakennarar eru í meistaranámi og einn starfsmaður er nemi í leikskólakennarafræðum. Tveir starfsmenn leikskólans eru á vegum vinnuálastofnunar.

Leiðbeinendur án háskólamenntunar eru tíu. Leikskólinn uppfyllir því ekki ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara. Starfsmenn í eldhúsi eru tveir í 150% stöðu.

Hugmyndafræði og áherslur

Í Uglukletti er áhersla lögð á Jákvæða sálfræði með vellíðan barna í forgrunni. Þar er tekið mið af kenningum sálfræðinganna Mihaly Csikszentmihalyi og Martin Seligman. Jákvæð sálfræði gengur út á að börnin styrki sjálfmynd sína og hafi þannig betra mótlætisþol eða sálræna seiglu og eigi auðveldara með að takast á við erfiðleika. Ein af greinum fræða um jákvæða sálfræði er hugmyndin um flæði. Gleði, sköpun og ferli með hámarks tengslum við lífið kallar Mihaly Csikszentmihaly flæði. Flæði er þegar fólk er svo einbeitt við verkefni að ekkert annað skiptir máli á þeirri stundu.⁵ Í Uglukletti er mikið lagt upp úr sálfræði barnanna. Hugtakið er upphaflega komið frá Piaquet en Sesselja Hauksdóttir fjallaði um það í meistaratígerð sinni og hefur starfsfólk Ugluklettar sótt hugmyndafræðina þangað.⁶ Ugluklettur tók þátt í verkefni á vegum Landlæknisembættisins sem kallast Heilsuefandi leikskóli og var einn af sex tilraunaleikskólum á landinu, þar sem markmiðið er að stuðla að bættri heilsu og líðan barna og starfsfólks. Þeirri tilraun er lokið og er Ugluklettur nú heilsuefandi leikskóli.⁷ Í Uglukletti er notast við hegðunarstjórnunarkerfi sem nefnist jákvæður agi. Þar er hinn fullorðni í hlutverki sem fyrirmynd í góðum og jákvæðum samskiptum sem einkennast af virðingu, heiðarleika og hlustun.⁸ Starfsmenn hafa verið að kynna sér *The leader in me* (leiðtoginn í mér) hugmyndafræði fyrir skóla sem byggir á bók Steven R Covey *The 7 Habits of Highly Effective People*. Hugmyndafræðin byggir í grunninn upp skilning og færni til að geta borið ábyrgð á eigin ákvörðunum og þannig mótað líf sitt til hins betra ásamt því að þroska samskiptahæfni nemenda og starfsfólks.⁹ Í Uglukletti er opið dagskipulag sem þýðir að ekki er niðurnegld stundartafla heldur eru fastir punktar í deginum. Þannig geta börnin mótað sitt dagskipulag sjálf, þau ráða sjálf hvaða viðfangsefni þau velja sér og hve lengi þau eru á hverjum stað. Samstarf deilda er mikið og geta börnin sótt sér það leikefni sem þeim hugnast hverju sinni. Börnin eru hvött til að finna sér verkefni eftir eigin áhuga og frumkvæði þeirra er metið mikils.¹⁰ Þá er farið eftir lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 höfð til hliðsjónar. Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla eru flétuð inn í allt starf.¹¹ Undanfarin ár hefur verið unnið að innleiðingu á Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og hefur það gengið vel.¹²

Í rýnihópum kom fram að starfsmenn eru mjög meðvitaðir um stefnu leikskólans og í vettvangsathugun kom í ljós að hún var hún mjög sýnileg í starfinu. Meirihluti foreldra segist þekkja stefnu og gildi leikskólans, vera ánægð með stefnuna og telja að markvisst sé unnið eftir henni.¹³ Starfsfólk Uglukletts hefur sett sér einkunnarorð eða gildi sem eru leikur, virðing og gleði. Í skólanámskrá er skilgreining á hverju gildi og í öllum rýnivíðtölum þekktu starfsmenn einkunnarorðin og fyrir hvað þau stóðu.¹⁴ Í vettvangsathugun var sýnilegt að einkunnarorðin spegluðust í starfinu. Einkunnarorðin voru sýnileg víða í gluggum svo hægt var að lesa þau utanfrá.

Styrkleikar

- Leikskólinn er kominn vel á veg með að uppfylla ákvæði laga um hlutfall leikskólakennara.
- Matur er unninn frá grunni í eldhúsi leikskólans.
- Leikskólinn tók þátt í verkefninu Heilsuefandi leikskóli á vegum Landlæknisembættisins og er nú heilsuefandi leikskóli.
- Útileiksvæði stórt og gefur möguleika á þroskaefandi leikjum og verkefnum.
- Stefna leikskólans og gildi eru skýrt sett fram í skólanámskrá og sýnileg í starfi leikskólans.

5 Skólanámskrá Uglukletts.

6 Skólanámskrá Uglukletts.

7 Skólanámskrá Uglukletts.

8 Skólanámskrá Uglukletts.

9 Skólanámskrá Uglukletts.

10 Skólanámskrá Uglukletts.

11 Skólanámskrá Uglukletts.

12 Ársskýrsla Uglukletts 2019-2020.

13 Foreldrakönnun vegna ytra mats í leikskólanum Uglukletti.

14 Rýnivíðtal við deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmenn.

- Starfsmenn og foreldrar þekkja stefnu og gildi leikskólans.
- Mikill samhljómur og ánægja er hjá starfsfólki og foreldrum með stefnu leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr.95/2019 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara.
- Húsnæði uppfyllir ekki að öllu leyti kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 s.s. óviðunandi vinnuaðstaða starfsmanna og skortur á aðstöðu til að geyma útifatnað.
- Sameiginlegur fataklefi er þröngur og of lítill fyrir fjölda barna í húsi.
- Gólfkuldi er í húsinu og erfitt að stilla hita.
- Leita þarf leiða til að festa ruslatunnur.
- Huga ætti að viðhaldi á kantsteinum og fallmöl á útileiksvæði.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Uglukletts er Borgarbyggð, sem rekur fimm leikskóla í sveitarfélaginu. Á vegum Borgarbyggðar starfar fræðslunefnd. Leikskólastjórar skiptast á að vera áheyrnarfulltrúar í fræðslunefnd eitt skólaár í einu. Borgarbyggð hefur sett stefnu fyrir starfsemi leikskóla sem skólanámskrár þeirra byggja á.¹⁵ Sviðstjóri fjölskyldusviðs er næsti yfirmaður leikskólastjóra og í símaviðtali við hann kom fram að að samskipti við leikskólastjóra eru afar góð.¹⁶ Sviðsstjóri fjölskyldusviðs kemur mánaðarlega á fundi með leikskólastjórum í Borgarbyggð.

Hlutverk skólaþjónustu Borgarbyggðar er annars vegar að styðja við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar að styðja við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.¹⁷ Nýlega var staða sérkennsluráðgjafa hjá skólaþjónustunni lögð niður og í staðinn ráðið í nýja stöðu málstjóra. Málstjóri tekur m.a. við málum frá skólunum og sendir beiðni á viðkomandi ráðgjafa s.s sálfræðinga, iðjuþjálfara og talmeinafræðinga sem eru verktakar hjá Borgarbyggð.¹⁸ Samvinna er við heilsugæslu og félagsþjónustuna.

Borgarbyggð hefur sett sér skólastefnu þar sem meginmarkmið er að stuðla að alhliða þroska, lýðheilsu og almennri heildstæðri menntun allra barna og ungmenna í Borgarbyggð. Lögð er áhersla á nám barna og ungmenna, en ekki síður kennara og annars starfsfólks alla ævina í sameiginlegu skóla- og lærdómssamfélagi. Í skólastefnunni er annars vegar lögð áhersla á vellíðan, samkennd og vináttu barna og ungmenna. Hins vegar er stefnt að árangri og metnaði í skólastarfi. Einkunnarorð skólastefnunnar eru: Gleði, metnaður, samkennd og vinátta.¹⁹ Í rýnivíðtölum og á vettvangi kom í ljós að starfið í leikskólanum speglar vel skólastefnu Borgarbyggðar.

Lestrarstefna leik- og grunnskóla Borgarbyggðar er gerð 2017 og gildir til 2021. Stefnan var unnin af starfshópi um lestrarstefnu sem í voru fulltrúar úr leik- og grunnskólum Borgarbyggðar. Lestrarstefnan er sett af sveitafélaginu til að skapa heildarsýn um framkvæmd og þróun kennslu á sviði máls og lesturs í leik og grunnskólum.²⁰

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Uglukletts var gerð árið 2014 og er á áætlun að endurskoða hana. Í viðtölum og rýnihópum kom fram að allir starfsmenn hafi komið að gerð hennar. Þá voru foreldrar boðaðir á fund þar sem fram fór skemmtilegt samtali um hvernig leikskóla foreldrar vildu.²¹ Skólanámskrá er birt á heimasíðu leikskólans. Skólanámskráin uppfyllir að flestu leyti þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá leikskóla 2011, lögum og reglugerðum um leikskóla nr. 90/ 2008. Þó vantar að gera grein fyrir hvernig staðið er að færslu og aðlögun barna á milli skólastiga og hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða í grunnskóla samkvæmt reglugerð nr. 856/2011. Samkvæmt aðalnámskrá á enn fremur að koma fram í skólanámskrá hvernig unnið er með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna og birta viðmið fyrir leikskólastarfið sem metið er út frá í innra mati.

Ársskýrsla fyrir skólaárið 2019-2020 er skilmerkileg og aðgengileg á heimasíðu Uglukletts. Starfsáætlun fyrir skólaárið 2020–2021 er til en er ekki birt á heimasíðu leikskólans. Allt starfsfólk kemur að gerð starfsáætlunar og foreldraráð er umsagnaraðili.²² Í starfsáætlun kemur m.a. fram hvaða helstu verkefni eru á áætlun fyrir næsta skólaár og hvaða þætti er áætlað að meta.²³ Skóladagatal er aðgengilegt á heimasíðu.

Áætlanir og stefnur sem liggja fyrir og eru aðgengilegar á heimasíðu Uglukletts eru rýmingaráætlun, jafnréttisáætlun, eineltisáætlun, viðbragðsáætlun Almannafræðis, áætlun um móttöku nýrra barna, áætlun um foreldrasamstarf, lestrarstefna Borgarbyggðar og skólastefna Borgarbyggðar.²⁴ Foreldrahandbók er til en hún er ekki á heimasíðu leikskólans.²⁵ Metnaðarfull móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk liggur fyrir svo og starfsmannahandbók sem er aðgengileg starfsfólki.

15 Heimasíða Borgarbyggðar.

16 Símaviðtal við sviðsstjóra fjölskyldusviðs Borgarbyggðar.

17 Heimasíða Borgarbyggðar.

18 Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

19 Skólastefna Borgarbyggðar 2016–2020.

20 Heimasíða Borgarbyggðar.

21 Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

22 Rýnivíðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

23 Starfsáætlun Uglukletts 2020–2021.

24 Heimasíða Uglukletts.

25 Vettvangsathugun.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnendateymi leikskólans Uglukletts mynda leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Sömu aðilar mynda lausnar-teymi. Deildarstjórafundir eru haldnir aðra hverja viku og lausnar-teymisfundir vikuna á móti. Á lausnar-teymisfundum eru tekin fyrir ýmis mál sem upp koma. Fyrir lausnar-teymisfundum getur starfsfólk skilað inn beiðni um upptöku máls á þar til gerðum beiðnablöðum. Fundargerðir eru ritaðar bæði á deildarstjórafundum og lausnar-teymisfundum og eru þær aðgengilegar starfsfólki.²⁶

Leikskólastjóri hefur starfað sem slíkur frá 2012 en hafði áður leyst af þáverandi leikskólastjóra í nokkurn tíma. Aðstoðarleikskólastjóri hefur einnig starfað sem slíkur frá 2012. Hann er í 15% stjórnenda-stöðu, í 20% stöðu leiðsagnarkennara og 65% í öðrum stöfum, mikið í afleysingu. Stjórnendur sögðu báðir að verkaskipting stjórnenda væri þeim skýr. Gerð hefur verið skrifleg verkaskipting en hún hefur ekki verið kynnt öðru starfsfólki.²⁷

Stuttir morgunfundir eru daglega þar sem staðan er tekin. Fulltrúar frá hverri deild, ásamt matráði, mæta á þessa fundi. Niðurstaða er skráð í dagbækur sem allir geta lesið.²⁸ Áætlaðir skipulagsdagar eru fimm á skólaárinu en auka skipulagsdagur var í vor vegna Covid 19. Dagskrá er birt fyrirfram og fundargerðir ritaðar.²⁹ Starfsmannafundir eru fjórir á ári, tvo tíma í senn eftir vinnu. Dagskrá er birt fyrirfram og fundargerðir ritaðar og gerðar aðgengilegar starfsmönnum.³⁰ Deildarfundir eru hluti af starfsmannafundum og skipulagsdögum. Þar eru mál einstakra barna rædd, skipulag og samræming í starfi. Mál sem upp koma eru rædd og allir fá að hafa rödd.³¹

Símenntunaráætlun fyrir leikskólann liggur ekki fyrir. Starfsfólk er hvatt til að sækja sér símenntun. Haldin eru námskeið, fyrirlestrar og fræðsla á skipulagsdögum.³² Að mati deildarstjóra er mikið framboð af námskeiðum en aftur á móti vanti tíma til að sækja þau og þau of dýr.³³ Í Uglukletti er samningsbundnum undirbúningstímum hagað þannig að hver og einn á sinn tíma og afleysingu. Í rýnivíðtölum við deildarstjóra og leikskólakennara kom fram að undirbúningstímar falli aldrei niður. Aðrir starfsmenn en leikskólakennarar fá eina klst. í undirbúning á viku og er það skipulagt af deildarstjórum. Leikskólastjóri tekur starfspróunaviðtöl við allt starfsfólk annað hvert ár og hitt árið taka deildarstjórar starfspróunarviðtal við sitt fólk. Niðurstöður viðtala eru skráðar. Leikskólastjóri situr fundi með öðrum leikskólastjórum sveitafélagsins mánaðarlega.

Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá.³⁴ Farið er eftir ákveðnu verklagi við móttöku nýrra starfsmanna. Aðstoðarleikskólastjóri er í 20% stöðu leiðsagnarkennara og sér hann um að handleiða nýja starfsmenn út frá móttökuáætlun og starfsmannahandbók.³⁵ Skipurit fyrir leikskólann liggur ekki fyrir.

Fagleg forysta

Leikskólastjóri sagðist í viðtali reyna að vera heiðarlegur og réttlátur stjórnandi. Hann sagðist leggja áherslu á að byggja upp traust við fólk, stuðla að lýðræðislegum samskiptum og að öllum líði vel í leikskólanum. Hann segir starfsfólk hafa góðan aðgang að sér og eru dyrnar inn á skrifstofu yfirleitt opnar og fólk nýti sér það. Hann sagðist finna tíma einu sinni á ári til að eiga samtal við hvern starfsmann um stefnu leikskólans. Leikskólastjóri fer mikið inn á deildir, opnar á morgnana og er yfirleitt inni á deildum til klukkan níu. Aðstoðarleikskólastjóri segist vera sanngjarn og hvetjandi stjórnandi sem leitist við að sjá styrkleika fólks en veigri sér ekki við að taka á málum sé þess þörf. Hann telur samskipti vera á lýðræðisgrundvelli og vill að fólk finni að það geti treyst á hann. Aðstoðarleikskólastjóri sagði að lögð væri áhersla á að ræða hlutina á réttum stöðum og taka þannig á málum að allir gangi sáttir frá borði. Hann er mikið inni á deildum t.d. í afleysingu. Báðir stjórnendur segjast vera duglegir að veita endurgjöf samstundis og segja þeir að starfsfólk hafi gefið hvert öðru leyfi til að spyrja „af hverju gerðirðu þetta svona“ sem leiði til faglegrar ígrundunar sem þarf að vera til staðar.³⁶ Í rýnivíðtölum var mikill samhljómur og kom fram að stjórnendur koma mikið inn á deildir, eru sýnilegir og veita endurgjöf. Aðgengi að stjórnendum er gott og auðvelt að leita til þeirra með vandamál. Samstarf er gott, allir fá

26 Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

27 Rýnivíðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

28 Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

29 Ársskýrsla Uglukletts 2019-2020, rýnivíðtöl leikskólastjóra og deildarstjóra.

30 Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

31 Rýnivíðtal við starfsmenn.

32 Rýnivíðtal við deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmenn.

33 Rýnivíðtal við deildarstjóra.

34 Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

35 Rýnivíðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

36 Rýnivíðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

að hafa rödd og viðhöfð eru lýðræðisleg vinnubrögð. Starfsmenn telja sig metna að verðleikum innan leikskólans en síður af nærsamfélaginu.³⁷ Börnin sögðu að leikskólastjórinn heiti Kristín. „Hún stjórnar og fer í tölvuna en við vitum ekki hvað hún gerir í herberginu sem við komum ekki í“. „Stundum kemur hún inn á deild og hjálpar börnunum“.³⁸ Mikill meirihluti foreldra telur stjórnendur leggja sig fram um að vera sýnilegir í starfi og að leikskólanum sé vel stjórnað.³⁹

Starfsandi og starfsánægja

Í öllum viðtölum og rýnihópum var mikill samhljómur um að skólabragur og starfsandi sé góður. Einnig kom það vel í ljós á vettvangi. Starfsmannhópurinn er samheldinn þó ólíkir einstaklingar séu í honum. Fólk skiptist á skoðunum og tekst á en það er viðurkennt. Hlustað er á raddir allra í starfsmannahópnum. Fólk er hvatt til að sýna frumkvæði og vel er tekið í hugmyndir að breytingum. Samskipti einkennast af trausti, virðingu, hvatningu og hrósi. Mikill metnaður er í hópnum sem er lærdómssamfélag þar sem fólk miðlar þekkingu sinni. Lagt er upp úr að tala saman, tala við fólk en ekki um það. Í öllum hópum kom fram að fólk líður vel í vinnunni, er stolt af starfi sínu og talar vel um leikskólann út á við.⁴⁰ Það kom fram hjá starfsfólki að skólinn fái orðið meiri athygli frá sveitastjórn en áður og fái jafnvel stundum gjafir sem ekki tíðkaðist, þannig upplifi fólk að starf þess sé metið að verðleikum.⁴¹

Starfsmannfélag er í leikskólanum og kosið er í skemmtinefnd. Hópurinn er duglegur að efla góðan starfsanda og brydda upp á einhverju skrifnu og skemmtilegu, hafa gaman og taka sig ekki of alvarlega. Farið er í sumarbústaðaferðir, haldnir hrekkiadagar, vinavikur, jólahlaðborð, sett upp kaffihús í leikskólanum, búningadagar, pakkaleikur o.fl.⁴²

Styrkleikar

- Unnin hefur verið skólastefna Borgarbyggðar.
- Unnin hefur verið lestrarstefna fyrir leik- og grunnskóla Borgarbyggðar.
- Gerð hefur verið starfsmannahandbók.
- Gerð hefur verið áætlun um móttöku nýrra starfsmanna.
- Lausnarteymisfundir eru haldnir aðra hverja viku.
- Undirbúningstímar falla aldrei niður.
- Hlustað er á raddir allra í starfsmannahópnum.
- Aðgengi að stjórnendum er gott svo og samskipti við þá.
- Starfsfólk fær hrós og endurgjöf frá stjórnendum.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru faglegir leiðtogar.
- Skólabragur er góður og einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum, virðingu, hvatningu og trausti.

Tækifæri til umbóta

- Huga að endurskoðun á skólanámskrá og gera í henni grein fyrir hvernig staðið er að færslu og aðlögun barna á milli skólastiga og hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða í grunnskóla, hvernig unnið er með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna og birta viðmið fyrir leikskólastarfið sem metið er út frá í innra mati.
- Gera starfsáætlun og foreldrahandbók aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Kynna mætti verkaskiptingu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra fyrir öðru starfsfólki.
- Vinna ætti símenntunaráætlun sem endurspeglar stefnu og þarfir leikskólans og nær til allra starfsmanna.

37 Rýniviðtal við deildarstjóra, leikskólakennara, starfsmenn.

38 Rýniviðtal við börn.

39 Foreldrakönnun vegna ytra mats í leikskólanum Uglukletti.

40 Rýniviðtal við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmenn.

41 Rýniviðtal við starfsfólk.

42 Rýniviðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir fjölbreyttum námsaðstæðum og er allt húsnæði nýtt mjög vel. Hver deild hefur heimastofu og aðra innri stofu sem er minni auk salernis. Teppamottur eru á gólfi til að gefa umhverfinu hlýlegt yfirbragð og góða hljóðvist. Eftir miðju húsinu er breiður gangur og fyrir framan hverja deild eru borð og stólar þar sem hægt er að fara með hóp barna til að vinna með auk þess sem einn hópur af hverri deild borðar þarna í hádegi. Stórir skápar eru meðfram veggjunum þar sem geymdur er ýmis efniviður til uppeldisstarfa. Hillur eru meðal annars merktar hverju námssviði fyrir sig og þar er aðgengilegur efniviður sem hægt er að vinna með í hópastarfi. Fyrir enda gangsins er listakrúkur sem er sameiginlegur fyrir allar deildir og auk þess er salur til hreyfileikja en þar borða tveir hópar í hádegi. Á deildum og í sal eru felliborð til að hægt sé að nýta gólfplássið betur í leik. Á yngstu deildinni er spegill í hæð barnanna og á vegg er búið að setja þrautabretti í hæð barnanna sem hægt er að leika með. Meðfram einum vegg er þrautabraut úr svampkubbum fyrir grófhreyfipjálfun. Gott samstarf er við skátana í Borgarnesi og fær leikskólinn hús þeirra í Skallagrímssgarði lánað til afnota fyrir elstu börnin.

Mikið er til af fjölbreyttu leikefni en aðgengi barna að því er misjafnt og fer eftir aldri barna. Á yngstu deildinni er allur efniviður geymdur inni í skáp þar sem börnin ná ekki til hans og ákveður starfsmaðurinn hvað er í boði hverju sinni fyrir börnin. Í rýnihópum kom fram að starfsfólk telur börnin svo lítil að það þýði ekki að hafa leikföng og bækur aðgengilegar. Jafnframt töluðu starfsmenn um að þeir væru alltaf vakandi fyrir því að skipta út leikföngum og breyta til ef börnin væru hætt að sýna þeim áhuga. Á vettvangi sáu matsmenn að starfsfólk var vakandi fyrir því að skipta út leikföngum.

Á miðdeild er aðgengi barnanna að leikefni svipað og á yngstu deildinni en þó var meira sjáanlegt þar. Á elstu deildinni var leikefni einnig inni í skápum en börnin vissu hvað var þar og voru meðvituð um að þau gátu beðið um að fá það sem þau vildu og gátu nálgast það sjálf. Leikfangageymsla er á ganginum og vissu eldri börnin hvað var til þar. Í listaskála er efniviður sýnilegur að hluta en jafnframt er hann geymdur í skúffum sem eldri börnin geta gengið um og virðast þekkja það. Áhersla er lögð á að geyma efnivið í listaskála í glærum plastkössum svo börnin sjái hvað er í kössunum.

Bækur eru aðeins aðgengilegar börnunum á elstu deildinni og þar voru einnig sýnilegir tölustarfar. Stafróf sem tengist verkefninu *Lubbi finnur málbein* er sýnilegt á elstu deildinni en annað ritmál er ekki mjög sýnilegt. Salur er vel búinn fyrir grófhreyfipjálfun en meðal annars er þar klifurveggur. Vináttuverkefnið Blær er mjög sýnilegt í umhverfinu.

Dagskipulag er opið og sameiginlegt fyrir allan leikskólann þar sem fastir tímar eru: morgunverður, hádegisverður, samverustund/hópastarf, hvíld og síðdegishressing.

Starfshættir

Unnið er eftir hugmyndafræði um flæði, heilsueflandi leikskóla, vináttuverkefnið Blæ og leiðtogann í mér (the leader in me), auk hugmyndafræði jákvæðrar sálfræði. Deildarstjórar leiða uppeldis og menntastarfið á deildum, leiðbeina ófaglærðu starfsfólki og skipuleggja dreifingu starfsmanna á vinnusvæði. Opið dagskipulag styður vel við þessa hugmyndafræði. Í samræmi við hugmyndafræði leikskólans fara eldri börnin í frjálsum vali milli svæða en yngstu börnin eru í skipulagðari aðstæðum á sinni deild en þjálfa sig smá saman í að taka þátt í valinu.

Gott skipulag er á því hvernig starfsmenn skiptast á milli vinnustöðva á þriggja til fjöggra vikna fresti og telja þeir nauðsynlegt að vera ákveðinn tíma á hverri stöð til að mynda samfellu í leikinn.

Námsáætlun sem byggir á ákveðnu þema og nær yfir tveggja mánaða tímabil er gerð fyrir allan leikskólann. Í námsáætluninni er gert ráð fyrir að unnið sé með alla þætti námssviðs aðalnámsskrár. Hún er sett upp þannig að undir hverju námssviði er tilgreint hvað á að vinna að á þessu tímabili og hugmyndir að leiðum. Starfsmaður skráir jafn óðum hvað var gert og hvernig gekk. Í lok hvers tímabils skila starfsmenn pappírnum til aðstoðarleikskólastjóra sem heldur utan um verkefnið. Þessi vinna fer

fram í daglegu hópastarfi eftir hádegismat. Starfsmenn eiga hver sinn hóp sem þeir bera ábyrgð á og sjá um að framfylgja námsáætluninni.

Í rýnihópum kom fram að mikil og góð samvinna er meðal starfsfólks í leikskólanum. Deildarfundir og starfsmannafundir eru nýttir til að ræða uppeldisstarfið og starfsfólk sagði að það hefði tækifæri til að koma með sína sýn og að allar hugmyndir væru ræddar.⁴³

Vináttuverkefnið Blær er eitt af tækjum leikskólans til að vinna með vináttu og gildin: Virðingu, umburðalyndi, umhyggju og hugrekki. Vináttuverkefnið var sýnilegt á vettvangi og samræmist það ein-kunnarorðum leikskólans leikur, virðing og gleði. Mikil áhersla er lögð á virðingu bæði fyrir börnunum, foreldrunum og starfsfólkinu.

Í samskiptum starfsfólks við börnin er lögð áhersla á virðingu og að hlustað sé á hugmyndir þeirra. Starfsfólk beygði sig niður til barnanna til að ná augnsambandi við þau, einnig sátu þeir á gólfinu í leik. Í rýnihópum kom fram að notast er við hegðunarstjórnunarkerfi sem nefnist jákvæður agi. Byggist það á því að nálgast börnin af virðingu. Horft er á það að mistök séu tilraun sem læra má af og hvernig á að gera betur.⁴⁴

Einn hópur elstu barna er viku í senn í skátahúsinu sem er í Skallagrímssgarði. Foreldrar koma með börnin þangað á morgnana og dvelja þau þar til 13:30 en þá er tekin skólarúta í leikskólann. Í skátahúsinu er lögð áhersla á útkennslu og að efla tengsl við nærsamfélagið svo sem grunnskólann, bókasafnið og aðrar stofnanir sveitafélagsins.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í jafnréttisáætlun leikskóla Borgarbyggðar er meðal annars lögð áhersla á að gera sömu kröfur til stráka og stelpna, stuðla að því að bæði kyn leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum. Í skólanámskrá Uglukletts er fjallað um lýðræði og jafnrétti í skólasterfi og leiðir að því.⁴⁵

Í valinu fá börnin að velja hvar þau leika og á elstu deildinni velja börnin hvað á að vera í boði á svæðum. Eftir síðdegishressingu er haldinn fundur þar sem rætt er um hvað börnin vilja leika með næsta dag. Farið er hringinn og öll börn fá að koma með sína hugmynd um hvað þau vilji leika með, síðan er farinn annar hringur og börnin kjósa um tillögurnar, þær þrjár tillögur sem fá flest atkvæði eru svo valdar. Þetta er gert til að börnin viti hvað bíður þeirra næsta dag og einnig til að öll börn hafi jafnan atkvæðisrétt en ekki að þau börn sem koma fyrst í leikskólann séu búin að ákveða hvað verður í boði þann dag. Eldri börnin mega einnig velja hvort þau fari út fyrir eða eftir hádegi. Börnin koma að gerð matseðils með því að á fundi velja þau fjórar máltíðir sem matráður setur svo á matseðil komandi mánaðar. Á vettvangi sást að börnin á elstu deildinni eru vön fundarformi þar sem allir fá að taka til máls með því að rétta upp hönd, mál eru rædd og ef þurfa þykir er kosið um niðurstöður.

Börnin voru hvött til sjálfshjálpar til dæmis til að klæða sig í og úr í fataklefa. Að sögn starfsmanna eru börnin vön að skammta sér sjálf á diskinn í hádegismatnum en vegna sóttvarnarráðstafana út af Covid-19 skammtar starfsfólk núna á diskana.

Í rýnihópum kom skýrt fram að börnin fá að velja viðfangsefni í vali og á elstu deildinni fá þau að velja hvaða bækur eru inni á deild hverju sinni. Reglur eru fáar en skýrar og gátu börnin nefnt dæmi um þær eins og það má ekki hlaupa á ganginum og að ef maður fer út fyrir hádegi þá má ráða hvort maður fer út eftir hádegi. Í rýnihópum kom fram að starfsfólk ákveði reglurnar en þær eru ræddar í barnahópnum og þá sérstaklega í tengslum við vináttuverkefnið Blæ.⁴⁶ Barnafundir eru haldnir reglulega þar sem rædd eru ákveðin málefni, leikskólastjóri stýrir fundunum og aðstoðarleikskólastjóri ritar fundargerð.⁴⁷

Námssvið

Í skólanámskrá Uglukletts er fjallað um öll námssvið aðalnámsskrár, hvernig þau fléttast saman og hvernig er áætlað að vinna með þau í leikskólastarfinu. Í Uglukletti er gerð námsáætlun fyrir hvern

43 Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Rýnihópar starfsmanna, leikskólakennara og deildarstjóra.

44 Skólanámskrá Uglukletts.

45 Jafnréttisáætlun leikskóla Borgarbyggðar, skólanámskrá Uglukletts.

46 Rýnihópur leikskólakennara.

47 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

Rýnihópur barna, starfsmanna, leikskólakennara og deildarstjóra.

aldurshóp sem nær yfir tvo mánuði. Í námsáætlunum kemur fram hvernig vinna á með hvert námssvið fyrir sig á þessu tímabili. Unnið er eftir lestrarstefnu Borgarbyggðar þar sem segir að í leikskólum sé lagður grunnur að lestrarnámi barna og að mikil áhersla sé lögð á að efla málþroska, orðaforða og hljóðkerfisvitund barna á öllum aldri.⁴⁸ Í Uglukletti er unnið með læsi í gegnum daglega samveru, lestur og spjall í samverustundum. Í hópastarfi er mikil áhersla lögð á málrækt og börnin eru hvött til frásagnar og samræðna við hinar ýmsu athafnir daglegs starfs svo sem við matarborðið, í fataklefa og á skiptiborðinu. Unnið er með Lubbaverkefnið í hópastarfi. Ritmál er lítið sýnilegt á leiksvæði barnanna og ekki var sýnileg vinna við sögur og ljóðagerð. Bókasafn er í leikskólanum og á elstu deildinni eru bækur aðgengilegar börnunum á tveim stöðum. Á yngri deildunum eru þær hafðar inni í skáp og starfsfólk ákveður hvenær börnin fá að skoða þær.

Leikskólinn er heilsueflandi skóli og því lögð rík áhersla á heilbrigði og líðan barnanna. Bæði í frjálsum leik og skipulögðu starfi. Lögð er áhersla á hollan og fjölbreyttan mat sem unninn er frá grunni í leikskólanum, daglega hvíld og útiveru. Í leikskólanum er salur til grófhreyfipjálfunar og er hann eitt svæðið í valinu. Nýlega var ráðinn íþróttafraeðingur til starfa og er áætlað að hann skipuleggi starfið í salnum. Garðurinn er stór og býður upp á fjölbreytta möguleika til leikja og náms. Fram kom hjá starfsfólki að umhverfi leikskólans bjóði upp á mikla fjölbreytni í vettvangsferðum, stutt sé í fjölbreytta náttúru og að starfsmenn séu duglegir að notfæra sé þau sérkenni sem náttúra sveitafélagsins býður upp á.

Í tengslum við námssviðin sjálfbærni og vísindi er lífrænt sorp flokkað eftir matartíma og einn starfsmaður tekur það heim með sér til að gefa hænunum sínum. Í kaffistofu er flokkaður pappír og plast. Önnur flokkun var ekki sýnileg. Þó sáu matsmenn að eitthvað hafi verið unnið að pappírsgerð. Unnið er með Numicon og voru tölustafir sýnilegir á elstu deildinni. Hluti af leikfangakosti leikskólans er opinn efniviður sem styður við stærðfræði og vísindi og má þar nefna holukubba, einingakubba og legokubba. Í leikfangageymslu voru kassar með efniviði til að nota við vísindastarf. Könnunarleikur er á yngstu deildinni.

Sérstök aðstaða er til listsköpunar þar sem efniviður er sýnilegur og aðgengilegur börnunum að hluta. Pappír og litir af ýmsum gerðum voru til staðar inni á deildum en ekki sýnilegt. Eldri börnin vissu af þessu og báðu um þegar þau vildu. Á vettvangi sást hvernig unnið var með jólagjafir barnanna til foreldra. Hópstjóri ræddi við hvert og eitt barn um hvað það vildi gefa foreldrum sínum í jólagjöf. Barnið kom með sínar hugmyndir og útfærslu á þeim. Starfsfólk aðstoðaði barnið við að framkvæma hugmyndirnar. Samræðurnar voru skráðar niður og einnig var myndskráning af ferlinu. Skráningarnar voru síðan settar saman í bók sem foreldrið fékk með gjöfinni. Til er fjölbreytt úrval af hljóðfærum sem eru aðgengileg í skáp á ganginum.

Í skólanámskrá segir meðal annars að öll börn í Uglukletti fari í sérstaka tónlistartíma einu sinni í viku. Auk þess eru elstu börnin, Fálkarnir, í kór vikulega. Í tónlistartímunum er börnunum skipt í hópa og eru yfirleitt um átta börn saman. Gerður er sérstakur söngseðill sem endurnýjast á tveggja vikna fresti. Einnig kemur fram að vikulegar söngstundir eru á föstudögum, þar sem öll börn og starfsfólk kemur saman og syngur.

Velferð og líðan barna

Í leikskólanum er unnið með vináttuverkefnið Blæ og sást það vel á vettvangi. Einnig var starfsfólki tíðrætt um það í sambandi við samskipti þess við börnin og samskipti á milli barnanna. Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað og gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti milli aðila. Í vettvangsathugun sáu matsmenn sjálfstæð, glöð og starfsöm börn. Samskipti starfsmanna við börnin voru uppbyggileg og starfsfólk sýndi þolinmæði. Starfsfólk var nærri börnunum við leik, sat á gólfinu og við borð, það lagði sig fram um að beygja sig niður til barnanna og ná augnsambandi þegar talað var við þau. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum og þau eru glöð. Þau sögðu: „engum líður illa, bara stundum og þá hjálpa kennararnir okkur“. Einnig sögðust þau „hjálpa hvort öðru og að þau væru að æfa sig í því“.⁴⁹ Í foreldrakönnun sem MMS gerði í október 2020 telja

48 Lestrarstefna Borgarbyggðar.

49 Rýnihópur barna.

nær allir foreldrar sem svara könnuninni að barninu líði vel, aðlagist vel hópnum og þau séu örugg í leikskólanum. Einnig að samskipti starfsfólks við börnin séu almennt góð og að starfsmenn þekki þarfir þeirra. Þeir telja jafnframt að í leikskólanum sé lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins. Foreldrar telja að þeir geti fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið.

Við aðlögun barna er unnið samkvæmt móttökuáætlun sem finna má á heimsíðu leikskólans svokölluð þátttökuáðlögun. Aðlögun tekur þrjá daga og er annað foreldrið með barninu alla dagana.

Mat á námi og velferð barna

Skimunarprófið Hljóm-2 sem kannar hljóð- og málvitund barna, er lagt fyrir öll fimm ára börn að hausti. TRAS skráningalistinn er fylltur út tvisvar á ári og er gerður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska. Deildarstjórar bera ábyrgð á þessari vinnu en þeir hópstjórar sem hafa farið á námskeið sjá um sinn hóp. Hópstjóri sem hefur ekki þekkingu á listanum framkvæmir þetta með deildarstjóra. Tvisvar á ári eru börnin spurð um líðan. Í þessari könnun eru börnin spurð ákveðinna spurninga og svara þau með því að benda á annaðhvort broskall eða fýlukall. Aldursskiptir gátlistar eru notaðir til að undirbúa foreldraviðtöl og foreldrar fá sendan spurningalista fyrir foreldraviðtöl, þar sem spurt er um styrkleika barnsins og hvaða áherslupætti þeir vilja í leikskólastarfinu. Ferilmöppur eru notaðar og er gerð sjálfsmýnd tvisvar á ári til að meta framfarir hjá börnunum. Skráningarblöð þar sem skráð er tengslamyndun hjá barni eru notuð. Hreyfiþroski barna er ekki metinn sérstaklega.⁵⁰ Ekki er formlegt samstarf á milli leikskólans og heilsugæslu en heilsugæsla hefur samband ef upp koma spurningar varðandi þroskaskimanir sem gerðar eru þar.⁵¹ Í foreldrakönnun sem gerð var MMS í október 2020 kemur fram að aðeins helmingur foreldra sem svara telja sig fá reglulegar góðar leiðbeinandi upplýsingar um framfarir barnsins. Sextíu prósent foreldra telja sig hafa tekið þátt í að meta framfarir barnsins. Vegna Covid-19 hafa foreldrar ekki komið inn í leikskólann síðan í mars og hafa því samskipti og upplýsingagjöf um framfarir barna ekki verið eins og í eðlilegu árferði síðan þá.⁵²

Styrkleikar

- Opna dagskipulagið styður vel við hugmyndafræði leikskólans.
- Leitast er við að nýta húsnæðið og vinna með börnin í litlum hópum. Aukið rými til leikja og hreyfingar er skapað með því að hafa felliborð.
- Tækifæri til vettvangsferða og útivistar utan leikskólalóðar er gott og er starfsfólk duglegt að nýta það.
- Starfsmenn vissu til hvers var ætlast af þeim og þeir voru með hlutverk sitt á hreinu.
- Vel er unnið með lýðræði barna.
- Unnið er markvisst með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár í hópastarfi.
- Vel er unnið með hugmyndir barna í listsköpun.
- Áhersla er lögð á hollan mat og hreyfingu barna.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barna.

50 Rýnihópur deildarstjóra.

51 Viðtal við leikskólastjóra.

52 Viðtal við leikskólastjóra.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að fram fari umræða um aðgengi barna að bókum og leikefni.
- Gera ætti ritmál sýnilegra.
- Huga ætti að hreyfifærnimati hjá börnum.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrjú fulltrúar. Valið er í foreldraráð á foreldrafundi að hausti en vegna Covid-19 var í haust sendur tölvupóstur á foreldra og þeir beðnir um að bjóða sig fram í ráðið. Helstu verkefni foreldraráðs eru að fara yfir skólanámskrá, starfsáætlun og skila samþingninlegri umsögn um helstu atriði þeirra. Foreldraráð fundar ekki reglulega en leikskólastjóri hefur frumkvæði að málum sem tekin eru fyrir. Fundargerðir eru ekki ritaðar.⁵³

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og eru fjórir foreldrar í stjórn þess. Foreldrafélagið kemur að ýmsum atburðum í samstarfi við leikskólann og er þátttaka almennt góð.⁵⁴ Í foreldrakönnun MMS frá því í október 2020 kemur fram að um 70% foreldra telja að þeir séu hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu.

Kynningarfundir eru haldnir í júní fyrir foreldra allra barna sem byrja í leikskólanum að hausti. Á öðrum degi í aðlögun barna er viðtal við foreldra þar sem farið er í gegnum ýmis hagnýt mál. Árlegur foreldrafundur er haldinn að hausti þar sem starfssemi komandi skólaárs er kynnt og farið yfir hagnýtar upplýsingar. Stúlkna og drengjakaffi er haldið með þátttöku foreldra, ömmu og afa. Einnig eru foreldrar þátttakendur í vorferð leikskólans og sumahátíð. Fram að þessu hefur foreldrum verið boðið á jólaball í leikskólanum en vegna aðstæðna verður það ekki gert í ár.

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári þar sem farið er yfir líðan og þroska barnanna. Niðurstöður úr *Hljóm 2 og Tras* eru kynntar þar. Aðstoðarleikskólastjóri sendir tölvupóst á alla foreldra á föstudögum með hagnýtum upplýsingum. Upplýsingar um hvað er framundan á viðburðardagatalinu og fleira. Deildarstjórar sjá um að senda póst til foreldra á sinni deild og er áætlað að það sé vikulega. Leikskólinn notar Karellen en þar skráir starfsfólk yngri deilda meðal annars hvernig barnið hefur borðað og sofið og geta foreldrar sótt upplýsingar þangað. Foreldrar geta notað Karellen til að senda skilaboð á starfsfólk deildarinnar. Einnig eru myndskráningar settar inn reglulega. Í fataklefa eru upplýsingartöflur við hverja deild þar sem skáðar eru upplýsingar daglega.⁵⁵ Á heimasíðu eru hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra en þar eru ekki upplýsingar á öðrum tungumálum en íslensku. Í foreldrakönnun MMS sem gerð var í október 2020 kom fram í opnum svörum foreldra að þeir vilja fá meiri daglegar upplýsingar t.d. um hvernig dagurinn hefur gengið svo og líðan barna og samskipti. Í foreldrakönnuninni kemur einnig fram að nærri 100% foreldra telja að þeir fái góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum og tæp 90% foreldra telja að þeir fái greinagóð svör við spurningum sínum.

Viðhorf foreldra

Viðhorf foreldra til leikskólans eru jákvæð og kemur það skýrt fram í foreldrakönnunum sem gerðar hafa verið undanfarið, þar sem þátttaka foreldra í þeim er mjög góð. Foreldrum finnst viðfangsefni leikskólans áhugaverð og aðbúnaður barnanna góður. Þeir telja að börnin taki stöðugum framförum í leikskólanum og líði vel þar. Foreldrar telja að ábendingar þeirra séu teknar til greina og að leitað sé eftir tillögum og hugmyndum frá þeim.

Samstarf við grunnskóla

Gert hefur verið skipulag um samstarf leik- og grunnskóla í Borgarbyggð. Tilgangurinn með samstarfinu er meðal annars að skapa samfellu á námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms nemenda. Einnig að stuðla að vellíðan og öryggi barna og foreldra þegar börnin flytjast á milli skólastiga. Samstarfsskóli Uglukletts er grunnskóli Borgarness og gerð hefur verið samstarfsáætlun milli skólanna sem uppfærð er á hverju hausti. Á hverjum vetri heimsækja leikskólabörnin grunnskólann tvisvar sinnum í fámennum hópum og fara þá inn í fyrsta bekk. Að vori fara börnin í þriggja daga heimsókn í grunnskólann, svokallaðan vorskóla.⁵⁶ Formlegt samstarf er einnig við leikskólann Klettaborg. Áætlað er að elstu börnin í Uglukletti og Klettaborg hittist einu sinni í viku í íþróttahúsinu og iðki saman íþróttir. Í haust hefur ekki orðið af þessu vegna Covid-19. Hóparnir

53 Viðtal við leikskólastjóra og formann foreldraráðs.

54 Viðtal við leikskólastjóra og formann foreldrafélagsins.

55 Rýnivíðtal við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

56 Samstarf leikskóla og grunnskóla Borgarbyggðar.

hafa einnig hist að vori og sumri til að hristast saman. Formlegt ferli er til um það hvaða upplýsingar fylgja börnum á milli skólastiga og þurfa foreldrar að kvitta undir það. Í skólanámskrá er fjallað um samstarf leik- og grunnskóla.

Annað samstarf

Börnin hafa farið og sungið fyrir eldri borgara á dvalarheimilinu og einnig hefur verið farið á bókasafnið og fengnar að láni bækur í kassa. Samstarf er við Menntaskóla Borgarfjarðar en þar er uppeldisáfangi og hafa leikskólastjórnir farið þangað sem gestakennarar. Nemendur í íþróttavali hafa einnig komið og verið með íþróttastund fyrir börnin. Fram kom að starfsmenn hafa gaman af því að fara í heim-sóknir og gleðja samfélagið með ýmsum uppátækjum eins og að gefa foreldrum „sól í bak“ áður en þeir fara í vinnu og fleira.

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Upplýsingarfundur fyrir foreldra er haldinn á haustin.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er einstaklega gott og telja þeir að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Gott samstarf er við grunnskóla Borgarness og til er skrifleg áætlun um samstarf leik- og grunnskóla og hvaða upplýsingar fylgja börnum milli skólastiga.

Tækifæri til umbóta

- Foreldraráð þarf að setja sér vinnureglur, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu, á fleiri tungumálum.

Skóli án aðgreiningar

Skólajónusta og sérkennsla

Við leikskólann er starfandi sérkennslustjóri. Hann var nýbúinn að skipta um starf innan leikskólans þegar ytra mat fór fram en hann var áður deildarstjóri og þekkir því vel til sérkennslustarfa innan leikskólans. Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslumálum í leikskólanum. Í samstarfi við deildarstjóra skipuleggur hann starfið með sérkennslubörnin, upplýsir starfsmenn, fylgir eftir að unnið sé eftir einstaklingsnámskrá og veitir ráðgjöf. Deildarstjóri ber ábyrgð á vinnunni með sérkennslubarnið á sinni deild.

Unnið er með sérkennslubörnin í öllu leikskólastarfinu. Enginn sérstakur starfsmaður ber ábyrgð á sérkennslunni heldur er það á ábyrgð allra. Gott upplýsingastreymi um sérkennslubörnin er í leikskólanum. Starfsmannafundir eru notaðir til að upplýsa alla. Lögð er áhersla á að allir séu meðvitaðir um barnið þar sem það fer á milli svæða í vali.⁵⁷

Sérkennslustjóri er í stjórnendateymi leikskólans ásamt leikskólalastjóra og aðstoðarleikskólalastjóra. Leikskólalastjóri, aðstoðarleikskólalastjóri og sérkennslustjóri mynda svo annað teymi sem kallast lausnar-teymi og fundar það hálf mánaðarlega. Lausnar-teymi tekur á hinum ýmsu málum sem upp koma í leikskólanum. Meðal annars ef grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni. Til eru skráðir verkferlar ef upp kemur slíkur grunur. Sérstök eyðublöð eru til staðar þar sem deildarstjórar og hópstjórar skrá athugasemdir sínar og hvað hefur verið gert. Þessum eyðublöðum er síðan skilað til lausnar-teymisins sem fer yfir málið. Fram fer frumgreining þar sem notaðir eru ýmsir listar svo sem orðaskil, íslenski þroskalistinn og APS. Fram kom að þetta er unnið í mikili samvinnu innan leikskólans.⁵⁸ Ef þurfa þykir er útbúin beiðni til talmeinafræðings eða til málstjóra á skólaskrifstofu vegna sálfræðings. Fram kom að hægt er að sækja stuðning og ráðgjöf á skólaskrifstofu og að málstjóri sem jafnframt er leikskólaráðgjafi komi reglulega til að fundar með sérkennslustjóra og deildarstjóra eftir atvikum.

Teymi er myndað um sérkennslubörnin og eru teymisfundir haldnir á sex til átta vikna fresti. Teymið um barnið er myndað af málstjóra, talmeinafræðingi eða sálfræðingi ef við á, sjúkrapjálfa og iðjuþjálfara, viðkomandi deildarstjóra, sérkennslustjóra og foreldri. Ef barnið er með þjónustu frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins kemur aðili frá þeim á teymisfundi. Sérkennslustjóri heldur utan um þessa fundi, sér um að boða foreldra og aðra aðila á fundinn og ritar fundargerð.

Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir sérkennslubörnin í samvinnu við foreldra og er unnið samkvæmt henni meðal annars í hópastarfi. Oftast eru áherslurnar þannig að öll börn njóta. Ef leggja þarf aukna áherslu á einhvern þátt sem ekki er hægt að sinna í daglegu deildarstarfi og hópastarfi tekur sérkennslustjórinn barnið í einstaklingsþjálfun. Einstaklingsnámskrár eru endurmetnar tvisvar á ári í tengslum við foreldraviðtöl en oftast er þurfa þykir. Eins og áður segir er meginmarkmið leikskólans að vinna sem mest með sérkennslubörnin í barnahópnum og í daglegu starfi deildarinnar. Eitt herbergi er til staðar ef barn þarfnast einstaklingsbundinnar þjálfunar. Í viðtölum við starfsmenn kom fram að þeir telji að alltaf sé hægt að finna rými í húsinu fyrir sértæka þjálfun ef á þarf að halda. Að mati sérkennslustjóra er skólinn vel búinn þjálfunargögnum og vel er brugðist við óskum um ný kennslugögn.⁵⁹ Fram kom að óskum starfsmanna um að sækja námskeið eða aðra fræðslu um sérkennslu er vel tekið.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Til er móttökuáætlun vegna barna af erlendum uppruna og er þar stuðst við sömu verkferla og aðlögun nýrra barna nema túlkur er notaður í foreldraviðtölum. Túlkajónustan fer oftast fram í gengum síma. Mikil áhersla er lögð á málrækt í öllu leikskólastarfinu og ef þurfa þykir er sérstaklega unnið með börn sem hafa annað móðurmál en íslensku. Ekki er unnið séstaklega með heimamenningu barnanna. Í daglegum samskiptum er starfsfólk hugmyndaríkt að finna leiðir til samskipta við foreldra sem ekki tala íslensku svo sem með myndum og þýðingarappi. Nýlega var ráðinn pólskumælandi starfsmaður í leikskólann og hefur verið leitað til hans til að túlka í daglegum samskiptum við pólskumælandi foreldra. Fram kom í rýnihópnum að þetta létti mjög öll samskipti við þessa foreldra.

57 Viðtal við leikskólalastjóra, aðstoðarleikskólalastjóra og sérkennslustjóra. Rýnihópar starfsmanna, leikskólakennara og deildarstjóra.

58 Rýnihópur deildarstjóra og viðtal við sérkennslustjóra
59 Rýniviðtal við sérkennslustjóra. Rýnihópur deildarstjóra.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Vel er staðið að og haldið utan um sérkennslu. Allt starfsfólk fær upplýsingar og fræðslu í tengslum við sérkennslubörn.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu og skipað teymi í kringum þau.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Notaðar eru fjölbreyttar leiðir í samskiptum við foreldra sem ekki tala íslensku og er starfsfólk hugmyndaríkt að finna leiðir að samskiptum.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að skipulag sérkennslu og verkferlar sem unnið er eftir ef upp kemur grunur um frávik hjá barni sé aðgengilegt á heimasíðu.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Fjallað er um innra mat í skólanámskrá Uglukletts. Mat á innra starfi leikskólans fer fram á deildarfundum, deildarfundum og skipulagsdögum en auk þess fer matið fram í foreldraviðtölum og með rýnihópum barna. Leikskólastjóri hefur forgöngu um innra matið og ber ábyrgð á því.⁶⁰ Matsáætlun fyrir skólaárið 2020–2021 er hluti af ársáætlun skólans. Í henni kemur fram hvað á að meta, hvenær, hverjir meti, hverjir vinni úr gögnunum og ábyrgðaraðilar.⁶¹ Ekki er gerð áætlun um mat til lengri tíma. Í skólanámskrá kemur ekki fram hver eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að í skólastarfi.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Innra mat Uglukletts byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir til öflunar gagna. Leikskólastjóri ákveður áherslur í innra mati. Framkvæmd innra matsins er samstarfsverkefni starfsfólks og leitað er eftir sjónarmiðum barna. Foreldrar koma ekki að ákvörðunum um innra mat. Tekin eru viðtöl við börnin og könnun um líðan er lögð fyrir þau. Námsáætlanir til tveggja mánaða eru metnar í lok tímabils þar sem hópstjórar skila inn skriflegu mati á áætluninni til aðstoðarleikskólastjóra. Aðstoðarleikskólastjóri fer yfir matið og á öllum skipulagsdögum er gefinn tími til að ræða það. Deildarfundir, starfsmannafundir og skipulagsdagar eru notaðir til innra mats. Starfsfólki er skipt í hópa og málin rædd. Deildarstjórar sögðust yfirleitt vera hópstjórar og niðurstöður eru skráðar og skilað til leikskólastjóra sem vinnur úr þeim. Foreldrakannanir Skólapúlsins sem framkvæmdar eru annað hvert ár eru nýttar í innra mat og eru niðurstöður þeirra ræddar á starfsmannafundum. Einnig eru starfsmannakannanir Skólapúlsins og starfsviðtöl notuð. Farið er yfir niðurstöður foreldrakannana og starfsmannakannanna Skólapúlsins á fræðslunefndarfundum Borgarbyggðar. Í leikskólanum er verið að þróa aðferð til að starfsfólk meti eigin starfshætti. Þegar niðurstöður úr innra mati liggja fyrir eiga sér stað samræður í starfsmannahópnum um þróun og umbætur.⁶² Allir sem talað var við í viðtölum og rýnihópum gátu sagt hvernig matið fer fram á deildarfundum og starfsmannafundum og hvernig niðurstöður eru skráðar.

Opinber birting og umbætur

Greinargerð um innra mat leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til úrbóta er ekki að finna á heimasíðu. Umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til úrbóta, þar sem fram koma aðgerðir, viðmið með markmiðum, tímasetningu og ábyrgðaraðilum er ekki til. Allir sem rætt var við í viðtölum og rýnihópum gátu nefnt dæmi um umbætur sem innra mat leikskólans hafi leitt af sér.

60 Skólanámskrá Uglukletts.

61 Ársskýrsla Uglukletts skólaárið 2019–2020.

62 Viðtal við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

Styrkleikar

- Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu leikskólastarfi.
- Fjallað er um helstu leiðir sem leikskólinn fer í innra mati í skólanámskrá.
- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega og nýttar í innra matinu.
- Leikskólinn hefur þróað aðferðir til að meta námsáætlanir sínar.
- Verið er að þróa aðferð fyrir mat á starfsháttum starfsfólks.
- Framkvæmd matsins er samstarfsverkefni starfsfólks.
- Börnin eru þátttakendur í matinu.

Tækifæri til umbóta

- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis sem í sitja stjórnendur, starfsfólk og foreldrar.
- Gera skal matsáætlun til nokkurra ára sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera ætti nákvæmari matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og skilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Birta skal greinargerð um innra mat á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til úrbóta.
- Gera skal nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

Grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

Rauti – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskólanum Uglukletti í Borgarbyggð. Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Leikskólinn er kominn vel á veg með að uppfylla ákvæði laga um hlutfall leikskólakennara.
- Matur er unninn frá grunni í eldhúsi leikskólans.
- Leikskólinn tók þátt í verkefninu Heilsueflandi leikskóli á vegum Landlæknisembættisins og er nú heilsueflandi leikskóli.
- Útileiksvæði stórt og gefur möguleika á þroskaeflandi leikjum og verkefnum.
- Stefna leikskólans og gildi eru skýrt sett fram í skólanámskrá og sýnileg í starfi leikskólans.
- Starfsmenn og foreldrar þekkja stefnu og gildi leikskólans.
- Mikill samhljómur og ánægja er hjá starfsfólki og foreldrum um stefnu skólans
- Unnin hefur verið skólastefna Borgarbyggðar.
- Unnin hefur verið lestrarstefna fyrir leik- og grunnskóla Borgarbyggðar.
- Gerð hefur verið starfsmannahandbók.
- Gerð hefur verið áætlun um móttöku nýrra starfsmanna.
- Lausnarteymisfundir eru haldnir aðra hverja viku.
- Undirbúningstímar falla aldrei niður.
- Hlustað er á raddir allra í starfsmannahópnum.
- Aðgengi að stjórnendum er gott svo og samskipti við þá.
- Starfsfólk fær hrós og endurgjöf frá stjórnendum.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru faglegir leiðtogar.
- Skólabragur er góður og einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum, virðingu, hvatningu og trausti.
- Opna dagskipulagið styður vel við hugmyndafræði leikskólans.
- Leitast er við að nýta húsnæðið og vinna með börnin í litlum hópum. Aukið rými til leikja og hreyfingar er skapað með því að hafa felliborð.
- Tækifæri til vettvangsferða og útivistar utan leikskólalóðar er gott og er starfsfólk duglegt að nýta það.
- Starfsmenn vissu til hvers er ætlast af þeim og þeir eru með hlutverk sitt á hreinu.
- Vel er unnið með lýðræði barna.
- Unnið er markvisst með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár í hópastarfi.
- Vel er unnið með hugmyndir barna í listsköpun.

- Áhersla er lögð á hollan mat og hreyfingu barna.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barna.
- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Upplýsingarfundur fyrir foreldra er haldinn á haustin.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er einstaklega gott og telja þeir að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Gott samstarf er við grunnskóla Borgarness og til er skrifleg áætlun um samstarf leik- og grunnskóla og hvaða upplýsingar fylgja börnum milli skólastiga.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Vel er staðið að og haldið utan um sérkennslu. Allt starfsfólk fær upplýsingar og fræðslu í tengslum við sérkennslubörn.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu og skipað teymi í kringum þau.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Notaðar eru fjölbreyttar leiðir í samskiptum við foreldra sem ekki tala íslensku og er starfsfólk hugmyndaþrjú að finna leiðir að samskiptum.
- Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu leikskólastarfi.
- Fjallað er um helstu leiðir sem leikskólinn fer í innra mati í skólanámskrá.
- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega og nýttar í innra matinu.
- Leikskólinn hefur þróað aðferðir til að meta námsáætlanir sínar.
- Verið er að þróa aðferð fyrir mat á starfsháttum starfsfólks.
- Framkvæmd matsins er samstarfsverkefni starfsfólks.
- Börnin eru þátttakendur í matinu.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr.95/2019 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara.
- Húsnæði uppfyllir ekki að öllu leyti kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 s.s. óviðunandi vinnuaðstaða starfsmanna og skortur á aðstöðu til að geyma vinnufatnað.
- Sameiginlegur fataklefi er þröngur og of lítill fyrir fjölda barna í húsi.
- Gólfkuldi er í húsinu og erfitt að stilla hita.
- Leita þarf leiða til að festa ruslatunnur.
- Huga ætti að viðhaldi á kantsteinum og fallmöl á útileiksvæði.

- Huga að endurskoðun á skólanámskrá og gera í henni grein fyrir hvernig staðið er að færslu og aðlögun barna á milli skólastiga og hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða í grunnskóla, hvernig unnið er með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna og birta viðmið fyrir leikskólastarfið sem metið er út frá í innra mati.
- Gera starfsáætlun og foreldrahandbók aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Kynna mætti verkaskiptingu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra fyrir öðru starfsfólki.
- Vinna ætti símenntunaráætlun sem endurspeglar stefnu og þarfir leikskólans og nær til allra starfsmanna.
- Æskilegt er að fram fari umræða um aðgengi barna að bókum og leikefni.
- Gera ætti ritmál sýnilegra.
- Huga ætti að hreyfifærnimati hjá börnum.
- Foreldraráð þarf að setja sér vinnureglur, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu, á fleiri tungumálum.
- Æskilegt er að skipulag sérkennslu og verkferlar sem unnið er eftir ef upp kemur grunur um frávik hjá barni sé aðgengilegt á heimasíðu.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis sem í sitja stjórnendur, starfsfólk og foreldrar.
- Gera skal matsáætlun til nokkurra ára sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera ætti nákvæmari matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og skilgreina ábyrgðaraðila og hvernig afla á gagna.
- Birta skal greinargerð um innra mat á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til úrbóta.
- Gera skal nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Uglukletti leiðir í ljós að þar fer fram gott og metnaðarfullt leikskólastarf. Leikskólastjórar eru faglegir leiðtogar, leikskólinn er vel mannaður af fagfólki og þess er gætt að undirbúningstímar falli aldrei niður. Starfsfólki líður vel í leikskólanum og er stolt af starfi sínu og segist fá endurgjöf og hrós. Mikil sátt er um stefnu leikskólans meðal foreldra og starfsmanna og birtist stefnan vel í starfinu. Skólabragur er góður og einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum, virðingu, hvatningu og trausti. Foreldrar eru ánægðir með leikskólann og telja að börnunum líði vel þar og þeir eru öruggir með börnin. Þá eru foreldrar ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks. Mynda ætti teymi um innra mat þar sem foreldrar eiga fulltrúa. Gera þarf matsáætlun til nokkurra ára þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifæri til úrbóta. Þá þarf að gera umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til úrbóta, þar sem fram koma aðgerðir, viðmið með markmiðum, tímasetningu og ábyrgðaraðilum og birta á heimasíðu.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef í október 2020

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Ársskýrsla Uglukletts 2019–2020:

http://www.ugluklettur.leikskolinn.is/ugluklettur/%C3%A1%C3%A6tlanir/%C3%A1rssk%C3%BDrsla%20uglukletts%20sk%C3%B3la%C3%A1ri%C3%B0%202019-2020%20yfirfari_1.pdf

Eineltisáætlun Uglukletts:

[http://www.ugluklettur.leikskolinn.is/ugluklettur/%C3%A1%C3%A6tlanir/eineltis%C3%A1%C3%A6tlun%20uglukletts%20\(1\).pdf](http://www.ugluklettur.leikskolinn.is/ugluklettur/%C3%A1%C3%A6tlanir/eineltis%C3%A1%C3%A6tlun%20uglukletts%20(1).pdf)

Foreldrakönnun MMS í október 20202.

Heimasíða Borgarbyggðar: <https://www.borgarbyggd.is/>

Heimasíða Uglukletts: <http://www.ugluklettur.leikskolinn.is/>

Jafnréttisáætlun leikskóla Borgarbyggðar:

<http://www.ugluklettur.leikskolinn.is/ugluklettur/%C3%A1%C3%A6tlanir/jafn%C3%A9ttis%C3%A1%C3%A6tlun%20leiksk%C3%B3la%20borgarbygg%C3%B0ar%2005.03.2015.pdf>

Leikskóladagatal 2020–2021:

<http://www.ugluklettur.leikskolinn.is/ugluklettur/sk%C3%B3ladagatal/leikskoladagatal-2020-2021.pdf>

Lestrarstefna Borgarbyggðar:

<http://www.ugluklettur.leikskolinn.is/Upplýsingar/Lestrarstefna-Borgarbyggdar>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Samstarfsáætlun grunnskólans í Borgarnesi, leikskólinn Klettaborg og Ugluklettur.

Skólanámskrá: http://www.ugluklettur.leikskolinn.is/ugluklettur/sk%C3%B3lastarf/ugluklettur%20n%C3%A1msskr%C3%A1%202014_net.pdf

Skólafélag Borgarbyggðar:

<http://www.ugluklettur.leikskolinn.is/Upplýsingar/Skolastefna-Borgarbyggdar>

Starfsáætlun Uglukletts 2020–2021.

Viðtöl:

Símtal við sviðstjóra fjölskyldusviðs Borgarbyggðar.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp leikskólakennara.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.

